



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 141/56  
komudagur 4.10.2012

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100  
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. október 2012 R2012090030  
T-ums 17/12

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga - 94. mál.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 27. september 2012 móttækið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að það hafi að geyma breytingar vegna ábendinga frá ársreikningaskrá og reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda.

Af þessu tilefni vill fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

**1. gr. frumvarpsins (1. gr. laganna).**

Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra leyfir sér að óska eftir að bætt yrði nýjum staflið, e-lið, við 1. gr. sem yrði svohljóðandi:

*„e. Fyrsti málsli. 4. tölul. orðast svo: Sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, ef félagsaðilar þeirra eru eingöngu félög er sem talin eru í 1.-3. tölul. sem og samlagsfélög þar sem ábyrgðaraðilar eru félög sem talin eru upp í 1.-3. tölul.“*

Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra telur mjög mikilvægt að samlagsfélög þar sem ábyrgðaraðilar eru félög sem talin eru upp í 1.-3. tölul. sé einnig skylt að skila ársreikningum. Ástæðan fyrir því að sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð þar sem félagsaðilar eru félög, er skylt að skila ársreikningi er vegna þess að í raun er um takmarkaða ábyrgð að ræða þar sem félagsaðilar eru félög með takmarkaðri ábyrgð. Í dag er nokkuð um það að stofnuð eru samlagsfélög þar sem einstaklingur er t.d. 99% eigandi en einkahlutafélag er síðan 1% eigandi, en ber alla ábyrgðina. Fer því nánast allur hagnaðurinn til einstaklingsins en öll ábyrgðin er á félagi með takmarkaðri ábyrgð. eru því sömu aðstæður uppi varðandi þau félög líkt og þegar samlags- og sameignarfélög eru eingöngu í eigu félaga. Er því mikilvægt að þessum félögum verði einnig skylt að skila inn ársreikningi.

**5. gr. frumvarpsins (7. gr. laganna).**

Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra gerir ekki athugasemd við þessar breytingar en vill vekja athygli á því að í nágrannalöndum okkar er verið að byggja upp tölvukerfi þar sem félög er senda inn ársreikninga þurfa að slá inn allar helstu tölur og stærðir í tölvukerfið. Er þá í framhaldinu hægt að fá yfirlit yfir helstu upplýsingar ársreiknings á fjölda tungumála á

einfaldan og fljótlegan hátt. Er eðlilegt að ef fjöldi ársreikninga er berast ársreikningaskrá fer að vera á erlendu tungumáli að horft sé til þess að það gæti verið nauðsynlegt að flýta uppsetningu á slíku kerfi hér á landi því það verður að teljast mikilvægt að íslendingar geti á auðveldan og einfaldan hátt fengið upplýsingar úr ársreikningum á íslensku.

#### **24. gr. frumvarpsins (116. gr. laganna).**

Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra leyfir sér að leggja til að þessi grein verði felld út. Mjög óeðlilegt verður að telja að félögum sé heimilt að skila inn samandregnum reikningum vegna sérstakra samkeppnisástæðna og slíkt fyrirkomulag er mjög óvenjulegt þegar horft til nágrannalanda okkar. Þá má og nefna að nánast öll félög falla undir þau stærðarmörk sem nefnd eru. Að auki er ársreikningaskrá ekki í aðstöðu til þess að meta hvenær sérstakar samkeppnisaðstæður eru til staðar er heimila ættu félögum að skila inn samandregnum ársreikningum.

Verði ekki fallist á ósk fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra að greinin verður felld út er lagt til að seinasta setning í c. lið verði felld út, þ.e.a.s. „*Sömu stærðarmörk gilda um rekstrarreikning samstæðureiknings.*“


Ástæðan fyrir því að óskað er eftir því að þessi grein er felld út er sú að samkvæmt 109. gr. sömu laga er aðeins talað um hvenær heimilt er að skila samandregnum ársreikningi, hvergi er talað um heimild til þess að skila inn samandregnum samstæðureikningi. Sú heimild kemur heldur ekki fram VII. kafla laganna um samstæðureikninga. Er því mjög óvenjulegt að veita heimild til að skila inn samandregnum samstæðureikningi á grundvelli sérstakra samkeppnisástæðna þegar hvergi í lögnum er almenn heimild til þess að skila inn samandregnum samstæðureikningi, ólíkt heimildinni um skil á samandregnum ársreikningi er kemur fram í 109. gr. laganna.


#### **28. gr. frumvarpsins (3. mgr. 126. gr. laganna).**

Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra leggur til að prósentuhlutfallið í ákvæðinu verði hækkað upp í að minnsta kosti 60%. Ástæðan er sú að samkvæmt úrskurði yfirskattanefndar lækkar sekt um 60% ef ársreikningi er skilað innan þriggja mánaða frá sekt. Þessi lækkunarheimild er mikill hvati til þess að skila inn ársreikningum og þykir því eðlilegt að lækkunarheimildin sem lögfest verður sé ekki lægri en sú er yfirskattanefnd hefur úrskurðað um. Reynslan sýnir að þessi lækkunarheimild verður til þess að félög er eru sektuð bregðast hratt við og skila inn ársreikningi til þess að geta fengið lækkun á sektinni.

Að öðru leyti gerir fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra ekki athugasemdir við lagafrumvarpið.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þorðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir